

Vinátta

FORVARNARVERKEFNI GEGN EINELTI FYRIR LEIKSKÓLA

Sigrún Sigurðardóttir leikskólastjóri

Ragnhildur Gunnlaugsdóttir aðstoðarleikskólastjóri

LEIKSKÓLINN AKRAR, 2015 | VERKEFNASTJÓRI: MARGRÉT JÚLÍA RAFNSDÓTTIR – BARNAHEILL

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins er að móta góðan skólabrag, með því að eiga í góðum samskiptum og hafa jákvætt viðhorf til allra í hópnum og þannig minnkað líkur á einelti í leikskólanum. Þátttaka allra barna, starfsfólks og foreldra er grundvöllur þess að vel til takist. Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti án þess að bregðast við því.

Að flétta gildin fjögur, sem hugmyndafræði Vináttuverkefnisins byggir á, umburðarlyndi, virðing, umhyggja og hugrekki, inn í alla vinnu og samskipti í leikskólanum. Gert er ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi við vinnu og samskipti í leikskólasamfélaginu.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis

Föstudaginn 29. janúar 2016 fór stjórateymið á Ökrum (leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og fjórir deildarstjórar) á námskeið um Vináttuverkefnið á vegum Barnaheilla. Námskeiðinu seinkaði um tæpa fjóra mánuði þannig við fórum seinna af stað en ákveðið var í upphafi. Vináttuverkefnið er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti þar sem bangsinn Blær er táknmynd vináttunar í verkefninu. Það er einn stór bangsi sem deildin á og svo fá börnin öll einn lítinn bangsa sem er í þeirra eign og fer með þeim heim í lok leikskólagöngu.

Strax í vikunni á eftir námskeiðinu var starfsmönnum skipt í tvo hópa og þeim kynnt verkefnið með örfundi og þau hvött til að vera búin að skoða töskurnar og lesa sér smá til um verkefnið fyrir næsta starfsmannafund. Þriðjudaginn 16. febrúar var þriggja klukku tíma starfsmannafundur í leikskólanum þar sem stjórnendateymið var með kynningu á verkefninu fyrir allan starfsmannahópinn. Eftir kynninguna var starfsmönnum skipt upp í hópa og fengu þau spjöld til að skoða og ræða alveg eins og við munum gera þetta í vinnu með börnum. Einnig var nuddið prófað og fannst öllum það mjög notalegt og hlökkuðu til að prufa þetta með börnunum. Á fundinum komu upp margar spurningar og vangaveltur um samskipti og almenna líðan barna og starfsmanna eins og gefur að skilja með verkefni sem snýr að þessu.

Í lok fundars var rætt hvernig við vildum kynna Blæ fyrir börnunum og komu margar góðar hugmyndir fram. Það var ákveðið að hver deild myndi fá bréf frá Blæ (sem væri bangsi frá Ástralíu) þar sem hann tilkynnti að hann langaði til að koma til okkar í vinastund og fá að

sjá hvað við vissum um vináttu og fá að læra meira um vináttu hjá okkur. Eftir vinastundina leist Blæ svo vel á okkur að hann fékk leyfi til að senda vini sína til okkar til að læra meira hjá okkur. Blær kom svo í morgunsamveru á hverja deild og afhenti hverju barni sinn bangsa og var mikil gleði hjá börnunum. Við ákváðum að gefa okkur fram að sumri 2016 til að finna heimili fyrir Blæ og leyfa börnunum til að kynnast honum vel áður en við færum markvisst í vinnu með hann. Þó vinnan hafi ekki verið markviss þá var gripið í spjöldin þegar upp komu atvik sem okkur fannst góð til að ræða, einnig var oft gripið í nuddbókina og sögubókina.

Eftir miklar vangaveltur var ákveðið að börnin kæmu með þvottapoka að heiman sem litli Blærinn þeirra fengi að búa í. Þetta kom skemmtilega út þar sem þvottapokarnir eru í öllum regnbogans litum og mismikið skreyttir eftir börn og foreldra. Þeir voru hengdir upp á snúrur á öllum deildum á yngri deildum ná börnin ekki í hann en fá hann ef þau biðja. Á eldri deildum ná börnin í Blæ ef þau þurfa á honum að halda.

Haustið 2016 var ákveðið að setja Vináttuverkefnið markvisst inn í hópastarf og voru allir spenntir og sáu mörg tækifæri. Við töldum umfang verkefnisins ekki það stórt að við myndum ekki ná yfir það líka vegna þess að þetta á vel við vinnu með Uppbyggingastefnunni.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Þegar við lítum yfir skólaárið sem er að líða sjáum við að við höfum ekki náð markmiðum okkar í markvissri vinnu með Vináttuverkefnið. Á sama tíma og við erum að byrja á Vináttuverkefninu þá eru tveir starfsmenn hjá okkur í Þróunarverkefni með Sögupoka. Í vetur höfum við verið dugleg að ýta undir markvissa vinnu með þá og getur það jafnvel verið einn partur af því að Vináttuverkefnið hefur ekki fengið eins mikið pláss eins og við vildum í markvissri vinnu hjá okkur. Einnig hafa verið að koma hin ýmsu verkefni til okkar (í alla leikskóla í Garðabæ) í vetur sem tóku meiri tíma en við gerðum ráð fyrir. Þetta eru verkefni eins og Innra mat í leikskólum og Læsisstefna leikskóla. Þetta eru áhugaverð efni en þau taka tíma bæði á starfsmannafundum og í hinu daglega starfi sem verður til þess að við náum ekki að fara í allt sem við ætlum okkur í upphafi.

Mat á verkefninu

Nokkrar spurningar voru lagðar fyrir starfsmenn

- Er vináttuverkefnið komið markvist inn í starfið
- Er Blær aðgengilegur fyrir börnin
- Hafið þið verið að nýta ykkur annað úr töskunni

- Finnið þið fyrir áhuga í starfsmannahópnum til að halda áfram með þetta verkefni

Á yngri deildunum byrjaði þetta vel, það var unnið markvisst í hópastarfi með Blæ og spjöldin (stór mynd sem sýnir börn við vissar aðstæður) sem fylgdu honum. Það var rætt hvað var að gerast á spjöldunum, skoðuð svipbrigði barnanna á þeim og hvaða tilfinningar lágu að baki. Þegar líða fór á veturinn datt þetta markvissa starf með Vináttuverkefnið svolítið upp fyrir en það var gripið í bæði nuddbók og sögubók yfir allan veturinn.

Börnin á yngri deildum geta ekki sjálf náð í Blæ (því hann er það hátt uppi) en ef þau biðja um hann þá fá þau að knúsa hann og einnig er vinsælt að hafa hann í hvíldinni. Ef leikurinn breytist og það færist fjör í hann þá fer Blær aftur heim í þvottapokann sinn. í haust.

Nuddbókin er mikið notuð og finnst börnunum gaman og gott að fá að nudda hvort annað og ef einhver er ekki í stuði fyrir nudd þá er það líka allt í lagi. Það er búið að lesa allar sögurnar úr sögubókinni nokkrum sinnum og eru þau farin að kunna vinsælustu sögurnar.

Starfsmönnum finnst þetta áhugavert verkefni og langar til að festa þetta betur í starfi með börnum.

Á eldri deildunum var voru ýmsir þættir Vináttuverkefnisins teknir markvist á haustönn. Þegar ágreiningur og erfiðleikar komu upp í samskiptum barnanna var gripið í spjöldin. Gott er að grípa í spjöldin við þessar aðstæður því þarna ræða börnin tilfinningar og líðan og allir ná að tjá sig án þess að finna fyrir óöryggi. Þetta getur styrkt vinalópa og kennir þeim að bera virðingu fyrir tilfinningum annarra. Einnig voru starfsmenn vakandi fyrir samskiptum barnanna og ef það var eitthvað sem þeir sáu þá var gott tækifæri að grípa í spjöldin í samveru eða hvíld og ræða málin. Því miður hefur stundum með Vináttuverkefninu, þar sem spjöldin eru gripin, minnkað eftir áramót þar sem önnur verkefni hafa tekið meira rými.

Á eldri deildum geta börnin náð sjálf í Blæ ef þau vilja en það eru sömu reglur og á yngri að ef fjör færist í leikinn þá fer Blær aftur heim í þvottapoka sinn. Þau börn sem hætta í leikskólanum í haust fá sinn Blæ afhentan í útskrift og Blær barnanna sem verða áfram í leikskólanum fer í frí til Ástralíu yfir sumarið. Nuddheftið er oft notað í hvíldinni og finnst börnum og starfsmönnum það mjög notaleg stund. Við höfum ekki náð að festa Vináttuverkefnið nægjanlega í starfinu eins og við lögðum upp með en það er alveg áhugi fyrir því og ætlum við að bæta okkur næsta skólaár.

Hvert er framhaldið?

Allir voru sammála um að Vináttuverkefnið væri skemmtilegt efni og hafa starfsmenn mikinn áhuga á að koma því markvisst inn í starfið næsta haust t.d. koma því markvisst inn í hópastarf ásamt því að vera dugleg að grípa í spjöldin ef upp koma aðstæður með börnum og einnig nýta okkur klípusögurnar (stuttar dæmisögur af aðstæðum) með starfsmönnum. Við horfum öll björtum augum á framtíðina í vinnu með Vináttuverkefnið og teljum við að afraksturinn af því verði enn meiri virðing og væntumþykja í samskiptum. Síðan eru leikskólar í Garðabæ búnar að skipa einn í hverjum leikskóla til þess að verða tengiliður í Vináttuverkefninu. Hlutverk hans verður að hitta tengiliði frá hinum leikskólunum reglulega og bera þeir saman bækur sínar og skiptast á hugmyndum. Þannig tryggjum við áframhaldandi virkni á verkefninu.

Ráðstöfun styrks þ.e.

Heildarupphæð styrks	kr. 478.000
Laun	kr. 308.000
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	kr. 50.000
Gögn	kr. 120.000

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning

Á undanförunum árum höfum við á Ökrum verið að móta skólabraginn hjá okkur. Það höfum við gert meðal annars með því að innleiða Uppeldi til ábyrgðar og með því að móta okkur samskiptasáttmála. Vináttuverkefnið fellur vel að þeirri vinnu og styrkir okkur í því að móta skólabrag sem einkennist af vináttu, virkni og vellíðan.

Með því að senda helstu stjórnendur leikskólans á námskeið hjá Barnaheill og fá töskuna inn í hverja álmu hjá okkur fáum við vel upplýst starsmenn og góð verkfæri til að koma á jákvæðum skólabrag sem einkennist af vináttu. Þannig komum við í veg fyrir að einelti geti þrífist hjá okkur.